



Reykjavík 27. nóvember 2024

Niðurstaða vettvangsathugunar hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. á mati bankans á mótaðilaáhættu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. (hér eftir Fossar eða bankinn) í nóvember 2023 og lá niðurstaða fyrir í september 2024.

Markmið athugunarinnar var m.a. að kanna hvernig Fossar fjárfestingarbanki hf. stóð að mati á mótaðilaáhættu í eiginfjárskýrslu (COREP) m.t.t. 77. gr. a. og 78. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013¹ (hér eftir „CRR“), sem lögfest er með 1. gr. c. fttl. og framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451², sbr. þágildandi reglur nr. 1163/2022 um gagnaskil fjármálafyrirtækja. Í samhengi við framangreint var jafnframt kannað hvernig bankinn stóð að mati á fjárhagslegum tryggingum (e. *financial collateral*) til mildunar útlánaáhættu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Fossar fjárfestingarbanki hf. hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum fttl., CRR, reglugerð (ESB) 2021/451 og þágildandi reglur nr. 1163/2022. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Aðferðafræði bankans við útreikning á eiginfjársbindingu vegna afleiðusamninga var ábótavant. Bankinn mildaði áhættuskuldbindingavirði afleiðusamninga samkvæmt 222. gr. CRR, sem er ekki í samræmi við kröfur. Einnig tryggði bankinn ekki í verklagi sínu greiningu, eftirlit og stjórnun á sértækri fylgniáhættu (e. *specific wrong-way risk*) við útreikning á áhættuskuldbindingavirði afleiðusamninga, sbr. áskilnað 4. mgr. 291. gr. CRR. Þá notaði bankinn útreikningsaðferð á mögulegri framtíðaráhættu (e. *Potential Future Exposure*) afleiðusamninga sem er ekki að fullu í samræmi við b-lið 3. mgr. 282. gr. CRR við útreikning á endurnýjunarkostnaði (RC) afleiðusamninga. Vegna framangreinds uppfylltu Fossar ekki skilyrði 6. kafla þriðja hluta CRR um útreikning á eiginfjársbindingu vegna afleiðusamninga, sbr. 273., 282. og 291. gr. CRR, og 77. gr. a. og 78. gr. a. fttl.

¹ Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

² Framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirlvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014.

- Útfylling á tilteknum reitum í eiginfjárskýrslu bankans (COREP), dags. 30. júní 2023, vegna mótaðilaáhættu og fjárhagslegra trygginga var ábótavant. Hlutfall afleiðuviðskipta af heildareignum bankans var ekki rétt tilgreint í viðeigandi flípa. Þá vantaði fjárhagslegar tryggingar (e. *financial collateral*) í viðeigandi flípa í skýrsluna og áhættuskuldbindingavirði vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME) átti að skrá í flípa þar sem bankinn skráði áhættuskuldbindingavirði afleiðusamninga. Útfylling bankans á eiginfjárskýrslu (COREP) hvað framangreind atriði varðar var ekki í samræmi við kröfur um gagnaskil, skv. a-lið 1. mgr. 430. gr. CRR, sbr. reglugerð (ESB) 2021/451 og 1. mgr. 2. gr. þágildandi reglna nr. 1163/2022.
- Skjalfestu verklagi við mat á hæfi fjárhagslegra trygginga var ábótavant. Þar sem Fossar höfðu ekki skjalfest verklag í tengslum við mat á hæfi fjárhagslegra trygginga taldist bankinn að því leytinu til ekki uppfylla kröfur um að hafa yfir að ráða tryggt eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína, skv. 77. gr. a. og 78. gr. a. ffl.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Fossar myndu fela innri endurskoðanda að gera úttekt á hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðu hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði til fjármálaeftirlitsins.